



Efnahagsvísar

Ársfundur Sjálfbærni-verkefnis 2015

Ágústa Björnsdóttir , sérfræðingur
Fjármálateymi Alcoa Fjarðaáls

Advancing each generation.



Efnahagsvísar

- Fimm efnahagsvísar voru mótaðir og teknir til vöktunar í sjálfbærni-verkefninu á Austurlandi.
- Vísir 3.1 - Ferðaþjónusta
- Vísir 3.2 - Útflutningur Fjarðaáls
- Vísir 3.3 - Efnahagslegur ábati við þjóðarframleiðslu
- Vísir 3.4 - Magn vöru og þjónustu framleitt á Íslandi
- Vísir 3.5 - Fjárhagsstaða sveitarfélaga

- Þeir vísar sem ég fjalla um hér í dag eru vísar 3.2, 3.3, 3.4 auk samfélagsvísis 1.14 – Tekjur íbúa

- Efnahagsvísar fjalla um þær stoðir sem þurfa að vera í lagi til þess að fyrirtæki þrífist, skapi störf og geri fólki kleift að kaupa lífsins nauðsynjar

- Erfitt er að halda úti grunnþjónustu ef ekki er til fjármagn til að greiða kostnað sem henni fylgir

„Sjálfbærni er samnefni fyrir samfélagslega ábyrgð fyrirtækja“

Tilgangur


- Að styðja þá stefnu Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar að hafa hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi og taka tillit til umhverfis, efnahags og félagslegra þátta.
- Að þróa vegvísi sem hjálpar fyrirtækjunum að fylgja eftir stefnumiðum sínum um sjálfbærni og sjálfbæra þróun á byggingar- og rekstrartíma álvers og virkjunar.
- Að þróa tölulega vísa sem hægt er að nota til að fylgjast með árangri Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar við að ná fram stefnumiðum sínum um sjálfbærni við framkvæmdirnar á Austurlandi.

Forsendur fyrir vali á vísi

- Meðaltekjur eru gagnlegur vísir til að bera saman fjárhagslega velferð á mismunandi svæðum.
- Alcoa Fjarðaál og Fljótsdalsstöð eru líkleg til að hafa áhrif á meðaltekjur á Austurlandi. Starfsfólk og fjölskyldur þeirra fá beinar tekjur frá fyrirtækjunum.
- Áhrif fyrirtækjanna á tekjur á svæðinu verða einnig óbein þar sem fjölmörg afleidd störf skapast innan svæðisins.

Tekjur íbúa 1.14


Meðallaun á Austurlandi borin saman við meðallaun á Íslandi



Upplýsingarnar eru fengnar úr skattgrunnskrá. Í skránni eru reiknaðar meðal atvinnutekjur á alla Íslendinga, 16 ára og eldri

Tekjur íbúa 1.14

Meðalárslaun starfsfólks Fjarðaáls m.v. meðaltekjur á Austurlandi og öllu landinu




Forsendur fyrir vali á vísi

- Gert er ráð fyrir að Fjarðaál framleiði árlega 346 þúsund tonn af áli til útflutnings.
- Áhrif álframleiðslunnar á útflutning frá Íslandi og vöruskiptajöfnuð landsins geta orðið umtalsverð.
- Með því að fylgjast með áhrifum útflutnings Alcoa Fjarðaáls á viðskiptajöfnuð fást vísbendingar um langtíma efnahagsleg áhrif álversins á landsvísu.


Útflutningur Fjarðaáls 3.2

Nettó útflutningur Fjarðaáls sem hlutfall af árlegum útflutningi frá Íslandi




Útflutningur Fjarðaáls 3.2

Viðskipti Fjarðaáls við íslenska aðila í milljónum króna



Útflutningur Fjarðaáls 3.2

Heildarútflutningur frá Íslandi í milljónum króna



Útflutningur Fjarðaáls 3.2

Tillaga að breytingu á efnahagsvísi 3.2


- Verið að bera saman ólíka hluti með þessari hlutfallstölu
- Hugtakið Nettó útflutningur hvergi skilgreint svo ég viti til í þjóðhagsreikningum
- Það næsta sem hægt er að nálgast þetta og skilja hugtakið er að um sé að ræða viðskipti Fjarðaáls við innlenda aðila þ.e. þeir peningar sem að lokum koma til landsins
- Samkvæmt forsendum fyrir vali á vísí er markmiðið að finna út áhrif Alcoa Fjarðaáls á viðskiptajöfnuð
- Viðskipti við innlenda aðila er góð leið til þess en þær upplýsingar eru gefnar í vísí 3.3
- Heildarútflutningur Alcoa Fjarðaáls er hluti af heildarútflutningi frá Íslandi
- Skoða hlutfall heildarútflutnings Alcoa Fjarðaáls sem hlutfall að heildarútflutningi Íslands, þannig má fylgjast með mikilvægi starfseminnar í útflutningi frá Íslandi
- Mín tillaga er því að skoða hlutfall heildarútflutnings Alcoa Fjarðaáls af heildarútflutningi frá Íslandi

Forsendur fyrir vali á vísi

- Langtíma efnahagslegur ávinningur vegna tilkomu Fjarðaáls og Fljótsdalsstöðvar er mikilvægur frá sjónarhóli sjálfbærrar þróunar.
- Ekki skiptir aðeins máli efnahagslegur ábati fyrirtækjanna heldur einnig ávinningur Austurlands og Íslands í heild.
- Bygging og rekstur álvers og virkjunar skilar íslensku þjóðarbúi efnahagslegum ábata í gegnum laun starfsmanna, opinber gjöld sem fyrirtæki greiða og kaup á aðföngum innanlands.

Efnahagslegur ábati við þjóðarframleiðslu 3.3

Efnahagslegur ábati sem umsvif Alcoa Fjarðaáls skapa á Íslandi



Efnahagslegur ábati sem umsvif Alcoa Fjarðaáls skapa á Íslandi (millj. íslenskra króna)

Magn vöru og þjónustu framleitt á Íslandi 3.4

Forsendur fyrir vali á vísí

- Tilkoma Fjarðaáls og Fljótsdalsstöðvar gæti haft umtalsverð jákvæð áhrif á íslenskt hagkerfi vegna kaupa á aðföngum, bæði vörum og þjónustu, frá íslenskum fyrirtækjum á Austurlandi og annars staðar.
- Margar starfsgreinar gætu þannig hagnast á framkvæmdunum bæði á byggingar- og rekstrartíma virkjunar og álvers.
- Ef of stór hluti tekna kemur frá sama aðila getur það dregið úr stöðugleika.
- Með því að fylgjast með þessari veltuaukningu er hægt að meta hversu mikið aðrar starfsgreinar treysta á viðskipti sem tengjast starfsemi fyrirtækjanna, sem getur verið vísbending um sjálfbærni efnahagskerfisins.

Magn vöru og þjónustu framleitt á Íslandi 3.4

Hlutfall keyptrar vöru og þjónustu á Íslandi af heildar vöru- og þjónustukaupum

	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Alcoa Fjardaál	79%	75%	72%	76%	75%	76%	76%	76%

Magn vöru og þjónustu framleitt á Íslandi 3.4

Tillaga að sleppa efnahagsvísi 3.4

- Mat á vísinum er óáreiðanlegt og vísirinn því illnýtanlegur til ályktunar
- Alcoa Fjarðaál leggur mat á hversu stór hluti innkaupa til íslenskra birgja Fjarðaáls er innlendur
- Alcoa Fjarðaál hefur í raun engin tæk á að fá nákvæmar upplýsingar um hvernig innkaupum birgja er háttað
- Þar af leiðandi verður þessi vísir alltaf háður mati sem ekki er hægt að draga neinar vísindalegar ályktanir af
- Þó svo að þessi vísir byggji á nákvæmum gögnum er ekki ljóst hvaða ályktanir er hægt að draga af niðurstöðunni
- Ekki er hægt að sjá samhengi við þennan vísi og síðustu setningarinnar í forsendum fyrir vali á vísinum
- Til að mæla framangreind hefði verið áhugaverðara að leggja mat á hversu stór hluti heildarsölu birgja er til Fjarðaáls, en það eru upplýsingar sem Fjarðaál hefur ekki tæk á að nálgast



Advancing each generation.

